

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 23/98
frá 31. mars 1998**

um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með
bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir
samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

VI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr.
82/97⁽¹⁾.

Ákvörðun nr. 158 frá 27. nóvember 1995 um eyðublöð sem eru nauðsynleg vegna beitingar
reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 og (EBE) nr. 574/72 (E 201 - E 215)⁽²⁾, sem
samþykkt var af framkvæmdaráði Evrópubandalagsins um félagslegt öryggi farandlaunþega,
skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 3.23 (ákvörðun nr. 130) í VI. viðauka við samninginn:

„- **396 D 0732:** Ákvörðun nr. 158 frá 27. nóvember 1995 (E 201 - E 215) (Stjtið. EB
nr. L 336, 27. 12. 1996, bls. 1).”.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 134, 7. 5. 1998, bls. 11 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 18, 7. 5. 1998, bls. 77.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 336, 27. 12. 1996, bls. 1.

2. gr.

Fullgiltur texti ákvörðunar nr. 158 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. apríl 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 31. mars 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbaso

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vík

E. Gerner